


# - LÖGREGLU - MAÐURINN

3. tbl. - 2009

*Gleðileg jól*

- LÖGREGLU -
# MAÐURINN
3. tölublað - 25. árgangur 2009 - 67. blað



Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Snorri Magnússon
formaður LL



Stefanía Vigfúsdóttir
skrifstofustjóri

Prófförk:
Atli Steinn Guðmundsson

Forsíðumyndina tók Júlíus Sigurjónsson á vettvangi brunans í Höfða á þessu ári. Á myndinni eru Kristbjörn Guðlaugsson og Þorsteinn Hraundal að bjarga verðmætum úr húsinu.

Lögreglumaðurinn er gefinn út af Landssambandi lögreglumanna

Netfang ll@bsrb.is
www.ll.bsrb.is




## Efnisyfirlit...





Grunnþjónusta lögreglunnar.................. 4
Undirbúningur fyrir foreldrahlutverkið... 10
Eurocop ............................................ 14
Ráðgjafar.......................................... 17
Mótorhjólasamtök.............................. 18
Íþróttir ............................................. 26




## Efni til birtingar í Lögreglumanninum

- Aðsendar greinar sem birtar eru í blaðinu skulu merktar höfundi. Greinin lýsir skoðun höfundar en ekki stjórnar LL.
- Forðist skammstafanir.
- Sendið gjarnan með myndir, stafrænar myndir eiga að vera í jpg formati.
- Vinsamlega látið fylgja með stöður, nafn, fastanúmer ef um lögreglumenn er að ræða, vinnustað, heimili og GSM númer sem hægt er að ná í viðkomandi.
- Ritstjóri fer í gegnum allt aðsent efni. Að þeirri vinnu lokinni fær sendandi að vita hvort efnið birtist í blaðinu eða ekki.
- Samþykkt efni verður ritstýrt á þann hátt að það passi við efnið sem ætlast er til að birtist í blaðinu.
- Leyfi til birtingar efnis úr blaðinu er einungis veitt sé þess getið hvaðan það er fengið.

# *Vonbrigði!*



*Það er í raun eina orðið sem hægt er að nota þegar skoðaðar eru þær upplýsingar sem fram koma í frumvarpi til fjárlaga ársins 2010 um fjárveitingar til löggæslunnar í landinu.*

*Í pistli mínum í síðasta blaði kom ég inn á þær skipulagsbreytingar sem orðið hafa í lögreglunni í gegnum árin og enn standa fyrir dyrum. Lesendum þessa pistils er bent á að frekari upplýsingar um þessar skipulagsbreytingar er hægt að finna á heimasíðu LL.*

*Það er kristaltært að eitt af markmiðum boðaðra breytinga er að ná niður kostnaði við löggæslu til þess að ná fram markmiðum fjárlaga næsta árs. Það hefur enda komið skýrt fram í máli ráðherra í fjölmiðlum að ná eigi niður stjórnunarkostnaði í efri lögum löggæslunnar og slíkt næst ekki fram nema með fækkun í þeim lögum, eins og fram hefur komið.*

*Það er grátlegt upp á að horfa að þetta skuli vera staðan í löggæslumálum Íslendinga. Það er grátlegt að stjórnvöld skuli ekki átta sig á mikilvægi þess að hafa til staðar öfluga, örugga og faglega löggæslu í landinu. Lögreglan er í raun allt sem hægt er að grípa til þegar um allt þrýtur. Hér er enginn her, ekkert þjóðvarðlið og engar varasveitir sem hægt er að kalla til þegar á þarf að halda.*

*Ég hef áður fjallað um það opinberlega að í allra versta falli hefði átt að láta fjárveitingar til löggæslu standa í stað á milli áranna 2009 og 2010 til þess eins að geta haldið í við þá neikvæðu þróun sem er að verða í afbrotum ýmiss konar. Sú þróun hefur berlega komið fram í afbrotatölfræði ríkislögreglustjórans. Við þetta ástand bætist svo sú staðreynd sem Íslendingar horfa upp á í kjölfar bankahrunsins. Að vísu hefur verið komið á fót embætti sérstaks saksóknara, þar sem lögreglumenn starfa að þeim rannsóknum sem nauðsynlegar eru til að leiða til lykta hvað það var sem raunverulega gerðist í aðdraganda og kjölfar bankahrunsins. Það sem hins vegar verður að horfa til og passa upp á er að öryggi almennings sé ekki stefnt í voða með þeim gríðarlega niðurskurði sem boðaður hefur verið á framlögum til löggæslumála í landinu. Avaritia eða taumlaus græðgi fáeinna einstaklinga er það sem kom okkur í þá stöðu sem Íslendingar eru nú staddir í. Gegndarlaus Hrunadans í kringum gullkálfinn.*

*Rétt er að nefna sérstaklega í þessu samhengi að viðbótarniðurskurður upp á 139,5 milljónir króna kom á lögregluembættin í landinu og birtist í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2009. Þessu var embættunum gert að ná fram á síðari helmingi ársins 2009! Þessu til viðbótar kemur svo um 10% niðurskurðarkrafa næsta árs! Þessum markmiðum verður einfaldlega ekki hægt að ná fram nema með verulegri skerðingu á þeirri þjónustu sem lögreglunni er ætlað að veita!*

*Landsmönnum öllum er það ljóst að sá Hrunadans um gullkálfinn sem átti sér stað á Íslandi mörg undanfarin ár kemur til með að kosta þjóðina stórar fjárhæðir. Landsmönnum öllum er það líka jafnljóst að það eru engir aðrir til að borga brúsann en skattgreiðendur þessa lands. Enn fremur er það ljóst að ákveðna innviði samfélagsins þarf að tryggja eftir fremsta megni þannig að í óefni stefni ekki aftur. Einn af þessum innviðum og hyrningarsteinum samfélagsins er lögreglan!*

*Þann 11. desember sl. útskrifaði Lögregluskóli ríkisins (LSR) fimmtán nýja lögreglumenn. Fimmtán lögreglumenn sem allir eru reiðubúnir að hefja störf í lögreglu. Fimmtán lögreglumenn sem hafa af gríðarlegu kappi stefnt að því að verða þjóð sinni til gagns. Í ræðu fulltrúa nemenda í þessum útskriftarhópi kom fram að enginn þessara útskrifuðu lögreglumanna hefur fengið störf í lögreglu. Þeir munu því, að öllu óbreyttu, bætast í hóp þeirra sjö lögreglumanna sem nú þegar eru skráðir atvinnulausir skv. nýlegum tölum Vinnumálastofnunar. Þessir fimmtán lögreglumenn voru útskrifaðir í samræmi við áætlanir stjórnvalda um eðlilega endurnýjun innan stéttarinnar m.a. vegna brottfalls eldri lögreglumanna sem margir hverjir hafa lokið áratuga starfi innan lögreglunnar. Lögreglumanna sem hafa þjónað landi sínu og þjóð í, að því er virðist, óstöðvandi baráttu við hvers konar glæpi í þjóðfélaginu og nú, í kjölfar bankahrunsins, gegndarlausrar græðgi. Þessar áætlanir stjórnvalda, sem starf LSR byggir á, standa nú á brauðfótum í kjölfar tekjufalls ríkissjóðs. Til þess verður hins vegar að horfa, hvaða skoðun sem einstakir landsmenn kunna að hafa á því, að ekkert réttarríki í veröldinni þrífst án öflugrar og faglegrar lögreglu. Þessar áætlanir eru nú í algeru uppnámi. Vonandi verður hægt að snúa þeirri þróun við. Vonandi áttar fjárveitingavaldið sig á því að boðaður niðurskurður í lögreglu mun hafa gríðarlega neikvæð áhrif á þróun hvers konar glæpa í okkar annars ágæta þjóðfélagi. Hættan sem við blasir er sú að þeirri neikvæðu þróun, sem þegar er hafin, verði illmögulegt að snúa við. Þá fyrst verðum við sem þjóð í vanda stödd.*

*Við upphaf þeirrar vinnu, sem farið var í vegna boðaðra skipulagsbreytinga í lögreglu, var embætti ríkislögreglustjóra falið það verkefni að skilgreina grunnþjónustu lögreglunnar. Sú vinna var birt í skýrslu sem fylgdi með skýrslu starfshópsins, sem ráðherra skipaði, til að vinna að boðuðum skipulagsbreytingum. Í grein Péturs Berg Matthíassonar hér í þessu blaði eru þessari vinnu gerð góð skil. Vonandi verður þessi skýrsla til þess að ráðamenn þessarar þjóðar átti sig á þeim gríðarlega fjölda verkefna sem lögregla sinnir um allt land! Sú virðist ekki hafa verið raunin hingað til og sá niðurskurður sem boðaður hefur verið til löggæslumála ber þess greinileg merki.*

*Ofan í allt það sem talið hefur verið upp hér að ofan eru lögreglumenn nú með lausa kjarasamninga í kjölfar þess að framlengingarsamkomulag, í anda stöðugleikasáttmálans svokallaða, var fellt í allsherjaratkvæðag reiðslu meðal félagsmanna LL. Þessi staða eykur enn á þá óvissu sem ríkir meðal lögreglumanna. Þessi staða er síst til þess fallin að auka öryggi meðal Íslendinga. Þessi staða er síst til þess fallin að hvetja menn til dáða komi til annarrar búsáhaldabyltingar!*

*Lögreglumenn eru orðnir langþreyttir á þessu ástandi. Lögreglumenn eru orðnir hundleiðir á því að þurfa sífellt að vera að benda ráðamönnum þjóðarinnar á þá staðreynd að löggæsla er ekki aðeins eitthvað sem lýðræðisþjóðfélag þarf á að halda heldur nauðsyn. Lögreglumenn eru orðnir hundleiðir á fagurgala ráðmanna um ágæti löggæslunnar á hátíðarstundum, sem svo ekki birtist í öðrum orðum og efndum sömu ráðamanna. Lögreglumenn eru í raun búnir að fá mikið meira en nóg. Lögreglumenn krefjast þess að þeim sé sýnd sú virðing sem starfinu fylgir, a.m.k. af ráðamönnum þjóðarinnar. Lögreglumenn krefjast þess að launakjör þeirra endurspegli þá ábyrgð, áhættu og hæfni sem krafist er af þeim sem þessum störfum sinna!*

***Snorri Magnússon formaður LL.***

# Grunnþjónusta lögreglunnar






*Pétur Berg Matthíasson*

**Það eru liðnir rúmir 18 mánuðir síðan Björn Bjarnason, þáverandi dóms- og kirkjumálaráðherra, kynnti fyrst hugmyndir um breytingar á skipulagi lögreglunnar í þá veru að fækka embættum úr 15 í 6 og aðskilja embætti sýslumanna og lögreglustjóra. Voru þessar hugmyndir m.a. kynntar opinberlega í september 2008. Svo kom efnahagshrunið og frumvarpið um breytingarnar leit aldrei dagsins ljós.**

Snemma á þessu ári var ljóst í hvað stefndi og voru ýmsar ríkisstofnanir þegar beðnar um að skera niður og sýna aðhald í rekstri. Lögreglan var ekki undanskilin frekar en aðrar stofnanir. Í fjárlögum fyrir komandi ár hefur verið gerð krafa um enn frekari niðurskurð eða sem nemur 10% á næsta fjárlagaári.

Síðastliðinn vetur ákvað ríkislögreglustjóri að heimsækja lögregluembættin um land allt til að ræða stöðu lögreglunnar við lögreglumenn og lögreglustjóra. Þessir fundir stuðluðu að opinskáum og hreinskiptum umræðum um stöðu lögreglunnar og framtíð. Á einum þeirra var lagt til að ríkislögreglustjóri héldi málþing sem hann og gerði 12. maí sl. í samstarfi við Landssamband lögreglumanna, Lögreglustjórafélagið, Yfirlögregluþjónafélagið, Ákærendafélagið, Félag íslenskra rannsóknarlögreglumanna og Lögregluskóla ríkisins.

Meginniðurstöður málþingsins voru í samræmi við hugmyndir fyrrverandi og núverandi ráðherra dómsmála, það er að skilja beri embætti sýslumanna frá lögreglustjórn og að fækka eigi embættum úr 15 í 6. Mörg önnur mál voru rædd en ekki verður fjallað um þau í þessari grein.

Í júní skipaði dóms- og kirkjumálaráðherra (dómsmála- og mannréttindaráðherra í dag) starfshóp til að fara yfir skipulag lögreglunnar, m.a. með tilliti til núverandi aðstæðna í ríkisfjármálum og áherslu á að nýta sem best þá fjármuni sem Alþingi veitir til löggæslunnar. Í lok júlí fól ráðherra síðan embætti ríkislögreglustjóra að vinna að skilgreiningu á grunnþjónustu lögreglunnar sem unnt væri að nota sem grundvöll fyrir ákvörðun á inntaki lögreglustarfsins, áætlun um mannaflaþörf í umdæmum o.fl. Ríkislögreglustjóri kynnti ráðherra skýrslu um grunnþjónustu lögreglunnar um miðjan október sl.

Í þessari grein er farið í stuttu máli yfir það hvernig ríkislögreglustjóri nálgaðist viðfangsefnið, aðferðafræðina, helstu niðurstöður og næstu skref. Þessi grein mun á engan hátt ná yfir allt það umfangsmikla efni sem fram kemur í skýrslunni og eru lesendur beðnir um að kynna sér hana á vef dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins. Þess má geta að skýrsluna um grunnþjónustu lögreglunnar unnu þeir Pétur Berg Matthíasson, stjórnmála- og stjórnsýslufræðingur, og Sólberg S. Bjarnason aðstoðaryfirlögregluþjónn undir stjórn Guðmundar Guðjónssonar yfirlögregluþjóns.

### *Verkefni lögreglunnar*

Lögreglulögin frá 1996 eru einu lögin sem fjalla sérstaklega um störf og hlutverk lögreglunnar, þó má vissulega telja sakamálalögin að hluta til hér með, hvað varðar ákæruvald lögreglustjóra, lögreglurannsókn brota og heimildir. Lögreglunni eru falin ótal verkefni og getur reynst erfitt að fá heildarmynd af starfsemi hennar nema menn skoði öll lög og reglugerðir, samninga, stjórnvaldsfyrirmæli o.fl. Ef ætlunin er að skilgreina grunnþjónustu lögreglunnar þarf að safna þessum verkefnum saman og greina þau.

Farið var í þá vinnu að safna þessum upplýsingum saman, leitað var í lagasafni, reglugerðasafni, farið yfir árangurstjórnunarsamninga auk þess sem verkefni sem leiða af eðli máls voru skoðuð o.fl. Helstu niðurstöðurnar voru að í yfir 300 lögum og reglugerðum er kveðið á um að lögreglan hafi einhverjar skyldur, þ.e.a.s. verkefni sem



henni beri að sinna undir ákveðnum kringumstæðum. Þessum verkefnum fjölgar sífellt og má nefna að í nýlegu frumvarpi til laga um fjölmiðla er í 57. gr. kveðið á um að brot gegn lögunum sæti aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kæru Fjölmiðlastofu, sem verður ný stofnun, eða þegar við á Póst- og fjarskiptastofnunar.

Greiningarvinnan leiddi í ljós 527 verkefni sem heyra undir lögregluna. Þetta er ekki endanleg tala en gefur engu að síður nokkuð góða mynd af því hversu umfangsmikil starfsemi lögreglunnar er í raun og veru. Það eru þarna verkefni sem ríkislögreglustjóri hefur lagt til að verði færð til sýslumanna, annarra stofnana eða jafnvel einkafyrirtækja. Nægir að nefna verkefni eins og birtingar og boðanir, leyfamál, ýmis forvarna- og fræðslumál, þjónustu vegna minni háttar umferðaróhappa og fleira. Af þessum 527 verkefnum falla 384 undir grunnþjónustu og 143 undir stoðþjónustu. Gera þarf greinarmun á grunnþjónustu og stoðþjónustu.

### *Grunnþjónusta;*

*Verkefni sem falla undir grunnþjónustu lögreglunnar eru þau sem tengjast beint eða óbeint hlutverki hennar skv. 2. mgr. 1. gr. lögreglulaga. Starfseiningar sem skilgreindar eru sem grunnþjónusta eru m.a. almenn lögregla, almannavarnir og fjarskiptamiðstöð.*

### *Stoðþjónusta:*

*Verkefni stoðþjónustu lögreglunnar falla almennt ekki undir 2. mgr. 1. gr. lögreglulaga. Þau beinast að innri*

MALBIKUN KM
aktu taktu
Arion banki
BERNHÖFTSBAKARÍ STOFNAÐ 1834

# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

## Reykjavík

A. Wendel ehf.
Tangarhöfða 1
Aðal tannsmíðastofan -
Klíniskur tannsmíðameistar
Hátúni 8
Alefli ehf. - Byggingaverktakar
Þarabakka 2
Alvarr ehf. - boranir og
verkfræðiþjónusta
Skipholti 68
Alþjóðlegar bifreiðatryggingar
á Íslandi
Borgartúni 35
Alþýðusamband Íslands
Sætúni 1
Antikmunir
Klapparstíg 40
Appelumboðið
Skakki turnin ehf.
Laugavegi 182
Arctic trucks ehf
Klettshálsi 3
Arkís ehf.
Aðalstræti 6
Asía ehf.
Laugavegi 10
Auglýsingastofan
ENNEMM ehf.
Brautarholti 10
Austur Indíafélagið
Hverfisgötu 56
Ásbjörn Ólafsson ehf.
Köllunarklettsvegi 6
Ásfell ehf.
Fremristekk 11
Ástund ehf.
Háaleitisbraut 68
B.K. flutningar ehf.
Krosshömrum 2
Bakarameistarinn hf.
Stigahlíð 45-47
Bakkus ehf
Héðinsgötu 1
Barnalæknaþjónustan ehf.
Egilsgötu 3 Domus Med
Barónspöbb ehf.
Laugavegi 72
Bifreiðabyggingar sf.
Tangarhöfða 5
Bifreiðastillingar Nicolai
Faxafeni 12
Bifreiðastjórafélagið Frami
Fellsmúla 24-26
Bílaleigan AKA ehf.
Vagnhöfða 25
Bílasmiðurinn hf.
Bíldshöfða 16
Bjarni Hauksson hdl.
Suðurlandsbraut 18
Björnsbakarí ehf.
Klapparstíg 3 v/Skúlagötu
Blaðamannafélag Íslands
Síðumúla 23
Blái Turninn
Háaleitisbraut 66
Blikksmiðurinn hf.
Malarhöfða 8
Blómabúðin Hlíðablóm
Háaleitisbraut 68
Booztbar/Ísbar
Grandavegi 45
Bókaútgáfan Salka ehf
Skipholt 50c
Bókhaldsstofa Ingimundar T.
Magnússonar
Ármúla 15

Bókhaldsþjónusta
Arnar Ingólfssonar ehf
Nethyl 2a
Bókhaldsþjónusta Gunnars ehf.
Ármúla 29
Bólstrarinn
Langholtsvegi 82
Bólstrun Ásgríms ehf
Bergstaðarstræti 2
Bón-Fús
Flétturima 27
Broadway-Arnol.net
Ármúla 9
Búsáhöld ehf
Kringlunni 8-12
Búseti
Skeifan 19
Cabin ehf.
Borgartúni 32
Carl Bergmann
Laugavegi 55
Celtic Cross ehf.
Pósthólf 399
Creditinfo - Lánstraust hf.
Höfðabakka 9
Dalsmíði ehf
Þykkvabæ 13
Danica sjávarafurðir ehf.
Suðurgötu 10
Dentalstál ehf.
Hverfisgötu 105
Dynjandi ehf.
Skeifunni 3h
Dýraspítalinn í Víðidal ehf
Víðidal
E. Ólafsson ehf.
PO. Box 216
E.F. Ben ehf.
Dugguvogi 17-19
EG Skrifstofuhúsgögn ehf.
Ármúla 22
Ellen Ingvadóttir lögg.
dómtúlkur og skjalþýðandi
Brautarholti 28
Endurskoðun og reikningsskil
hf.
Stangarhyl 5
Farmanna- og
fiskimannasamband Íslands
Grensásvegi 13
Felgur-smiðja ehf.
Axarhöfða 16
Ferð og saga
Grandavegi 36
Ferðaskrifstofan Víta ehf.
Skútuvogi 13a
Félag hrossabænda
Bændahöllinni Hagatorgi
Félag íslenskra
hljómlistarmanna
Rauðagerði 27
Félag Skipstjórnarmanna
Grensásvegi 13
Félagsbústaðir hf.
Hallveigastíg 1
Fífa ehf. - Bíldshöfða 20
Bíldshöfða 20
Fínka málningarverktakar ehf.
Norðurási 6
Fjallamenn ehf.
Skútuvogi 12e
Flugþjónustan ehf.
Reykjavíkurflugvelli
Fótaaðgerðastofa
Reykjavíkur ehf.
Háaleitisbraut 58-60
Frumherji hf.
Hesthálsi 6-8

Fræðslumiðstöð ÖÍ
Þarabakka 3
G.Á. húsgögn ehf.
Ármúla 19
G.B. Tjónaviðgerðir ehf.
Draghálsi 8
Gagnaeyðing ehf.
Bæjarflöt 4
Garðmenn ehf.
Skipasundi 83
Geiri ehf.
Bíldshöfða 16
Gilbert úrsmiður Laugavegi 62
Laugavegi 62
Gjögur hf.
Kringlunni 7
Glermenn ehf.
Heiðarási 22
GM Verk ehf.
Stórhöfða 35
Gnýr sf.
Stallaseli 3
Golfklúbbur Reykjavíkur
Thorsvegi 1
Grandakaffi ehf.
Grandagarði 101
Grant Thornton endurskoðun
Suðurlandsbraut 20
Grásteinn ehf.
Grímshaga 3
Grensáskirkja
Háaleitisbraut 66
Grensásvideo ehf.
Grensásvegi 24
Grillhúsið Tryggvagötu
Tryggvagötu 20 Bryggjuhús
Gríma Hárstofa - S: 553 31 33
Álfheimum 4
Guðmundur Jónasson ehf.
Borgartúni 34
Gull- og silfursmiðjan Erna hf.
Skipholti 3
Gullkistan
Frakkastíg 10
Gullsmiðurinn í Mjódd
Álfabakka 14b
Gunnar Helgason hrl.
Vesturgötu 7 íb. 208
Gústaf Þór Tryggvason hrl.
Tjarnargötu 10d Box 1067
Hafgæði sf.
Fiskislóð 47
Hafnarsmiðjan ehf
Grandagarði 18
Hagar hf.
Skútuvogi 7
Hamborgarabúllan
Bíldshöfða 18
Happdrætti D.A.S.
Tjarnargötu 10
Haukur Þorsteinsson
tannlæknir
Óðinsgötu 4
Hár- snyrti- og
nuddstofan Mýron
Kleppsvegi 150
Hárgreiðslustofa Heiðu
Álfheimum 11a
Hátækni ehf.
Ármúla 26
Heilsubrunnurinn ehf.
Kirkjuteigi 21
Heimabíó/James Bönd
Skipholti 9
Henson hf.
Brautarholti 24
Hereford steikhús
Laugavegi 53b

Hilmar D. Ólafsson ehf.
Langholtsvegi 13
HIS og Hlölli
Krókhálsi 5
Híbýli fasteignasala ehf
Suðurgötu 7
Hjá Jóa Fel.
Kleppsvegi 150
Hjálpræðisherinn á Íslandi
Box 372
Hjólbarðaverkstæði Grafarvogs
Gylfaflöt 3
Hjólbarðaverkstæði
Sigurjóns ehf.
Hátúni 2a
Hlað sf.
Bíldshöfða 12
Hljóðfærahúsið ehf
Síðumúla 20
Hljóðfæraverslun Pálmars Árna
Rangárseli 6
Hótel Frón
Laugavegi 22
Hótel Leifur Eiríksson ehf.
Skólavörðustíg 45
Hrafnhildur Sigurðardóttir ehf.
Engjategi 5
Hreinsibílar ehf.
Hesthálsi 6-8
HS Pípulagnir ehf.
Hraunbæ 78
HSE Bókhald ehf.
Bleikjukvísl 18
Hugvit hf.
Tunguhálsi 19
Húsafriðunarnefn ríkisins
Suðurgötu 39
Húsaklæðning ehf.
Hólmaslóð 2
Höfðakaffi ehf.
Vagnhöfða 11
Hönnunarstofa Maríu Lovísu
Skólavörðustíg 6b
IÐAN Fræðslusetur
Hallveigarstíg 1
Iðntré ehf.
Draghálsi 10
Íslenska gámafélagið
Gufunesi
Ísmar hf.
Síðumúla 28
Ís-spor hf.
Síðumúla 17
Íþróttafélagið Fylkir
Fylkisvegi 6
Janusbúðin Emla ehf.
Laugavegi 25
Jens Guðjónsson hf.
Stigahlíð 45-47
Jón Bergsson hf.
Kletthálsi 15
Jón og Óskar
Laugavegi 61
Jón Sigurður
Valtýsson
Garðhúsum 37
JP Lögmenn ehf.
Lágmúla 5
KAFFI ROMA
Laugavegi 118
Kaffi Sólon
Bankastræti 7a
Kaffibarinn ehf.
Skólavörðustíg 25
Karton hf.
Höfðabakka 9
Kemi ehf. - www.kemi.is
Tunguhálsi 10

Kemis ehf.
Breiðhöfða 15
Kjúklingastaðurinn
Suðurveri ehf
Fljótaseli 16
Kjöthöllin Skipholti 70 ehf.
Skipholti 70
Knattspyrnusamband Íslands
Laugardal
Kognam - Núðluhúsið ehf
Laugavegi 59
Kr. St. lögmannsstofa ehf
Austurstræti 10a
Kvika ehf.
Bjargarstíg 15
Kvikk þjónustan ehf
Bíldshöfða 18 bakhús
Lagaþing sf Þorbjörg I.
Jónsdóttir hrl.
Túngötu 14
LAG-Lögmenn sf.
Ingólfsstræti 5
Lagnagæði ehf.
Flúðaseli 94
Landhelgisgæsla Íslands
Skógarhlíð 14
Landslög lögfræðistofa
Köllunarklettsvegi 2
Landssamband slökkviliðs- og
sjúkraflutningamanna
Brautarholti 30
Láshúsið ehf.
Bíldshöfða 16
Legis ehf. Lögfræðistofa
Holtaavegur 10
Leigulistinn
Skipholti 50b
Ljósboginn ehf.
Bíldshöfða 14
Ljósin ehf.
Trönuhólum 14
Loftstokkahreinsun ehf
Garðhúsum 6
LOGOS
lögmannsþjónustan
Efstaleiti 5
Lúmex ehf.
Skipholti 37
Lögfræðiskrifstofa
Tryggva Viggóssonar
Kringlunni 7
Lögfræðistofa
Sóleyjargata 17 sf.
Sóleyjargötu 17
Löggarður ehf.
Kringlunni 7, 7. hæð
Lögmannsskrifstofan
Fortis ehf.
Laugavegi 7
Lögmannsstofa
Jóns G. Briem hrl.
Skipholti 50b
Lögmannsstofa Rúnars
S.Gíslasonar
Lágmúla 5
Lögmenn Árbæ - www./skadi.is
Nethyl 2
Lögmenn Borgartúni 33
Borgartúni 33
Lögmenn ehf.
Björgvin Jónsson hdl
Skipholti 50d
Lögmenn við Austurvöll
Pósthússtræti 13
Lögreglufélag Reykjavíkur
Brautarholti 30
Lögskil ehf.
Suðurlandsbraut 48




*og ytri viðskiptavinum hennar og eiga sér stoð í öðrum ákvæðum lögreglulaga eða öðrum lögum, reglugerðum o.s.frv. Þessi verkefni eru mikilvæg í rekstri stofnana en dæmi um stoðþjónustu er rekstur tölvukerfa, innkaup, bílamiðstöð o.fl.*

Vegna umfangs stoðþjónustunnar, sem hluta af heildarskipulagi lögreglunnar, var talið nauðsynlegt að fjalla einnig um hana í skýrslunni. Ljóst er að hægt er að ná fram hagræðingu innan lögreglunnar með því að endurskipuleggja stoðþjónustuna, s.s. með einni miðlægri starfsmannaskrifstofu og einni rekstrar- og innkaupadeild fyrir alla lögregluna.

### Hlutverk lögreglunnar skv. 2. mgr. 1. gr. lögreglulaga

Eins og fram kemur hér að ofan eru þau verkefni sem teljast til grunnþjónustu þau sem tengjast beint eða óbeint hlutverki hennar skv. 2. mgr. 1. gr. lögreglulaga. Allir lögreglumenn þekkja þessa málgrein en hún kveður á um að lögreglan skuli tryggja almannaöryggi, stemma stigu við afbrotum og vinna að uppljóstran brota o.s.frv.

Hlutverkið eins og það er skilgreint í lögunum veitir ekki þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru svo að hægt sé að nota það sem grundvöll fyrir ákvörðun um inntak lögreglustarfsins eða áætlun um mannaflaþörf eða annars konar stefnumótun. Hlutverk lögreglunnar er ekki skýrt nánar, né hvað í því felst, umfram það sem segir í ákvæðinu. Til dæmis er hvorki talin upp tegund né eðli verkefnanna, hvort forgangsraða þurfi þessum verkefnum eða hvort þau standi jafnfætis í forgangsröð. Þegar hver og einn liður 2. mgr. 1. gr. er skoðaður er ljóst að nauðsynlegt er að skýra betur hvað í því felst til þess að lögreglustjórar vinni að sömu verkefnum og forgangsraði allir á sambærilegan hátt.

Eftir að hafa skoðað ýmsar leiðir, farið yfir umsagnir og þær skýrslur sem gerðar hafa verið á síðustu árum um skipulag og starfsemi lögreglunnar var ljóst að besta leiðin fælist í forgangsröðun verkefna. Með því að forgangsraða er komist hjá því að setja hin ýmsu verkefni sem lögreglunni ber að sinna til hliðar og segja að þau falli hvorki undir grunnþjónustu né stoðþjónustu, enda var ríkislögreglustjóra ekki falið að endurskoða hlutverk lögreglunnar. Með þessari nálgun verða til upplýsingar sem hægt er að nota sem grundvöll fyrir ákvörðun um inntak lögreglustarfsins og áætlun um mannaflaþörf.

### Forgangsröðun verkefna

Í skýrslu verkefnisstjórnar um nýskipan lögreglunnar sem kom út árið 2005 er litið svo á að hlutverk lögreglunnar skv. 2. mgr. 1. gr. lögreglulaga feli í sér upptalningu sem hægt sé að flokka og forgangsraða. Ákvæðin í 1. gr. laganna voru flokkuð í sex meginhlutverk ásamt öðrum verkefnum í skýrslunni. A-liður fjallar um öryggishlutverk lögreglunnar sem er aðalforgangsverkefni hennar á hverjum tíma. Í b-lið, sem fær næstmestan forgang (afbrotavarnarhlutverk), er kveðið á um það hlutverk lögreglunnar að stemma stigu við afbrotum. Rannsóknarhlutverk lögreglunnar fær þriðja mesta forganginn þar sem kveðið er á um uppljóstrun brota í c-lið. Í d-lið er fjallað um þjónustu- og hjálparhlutverk lögreglunnar, í e-lið aðstoðarhlutverkið, í f-lið samstarfshlutverkið og í g-lið falla önnur verkefni. Í skýrslu ríkislögreglustjóra um grunnþjónustuna er stuðst við sömu nálgun og í skýrslu verkefnisstjórnar hvað varðar forgangsröðun hlutverka.

Verkefni lögreglunnar eru ólík og sum þeirra tengjast eða styðja á einhvern hátt við öll ofangreind hlutverk en önnur ef til vill bara við eitt eða tvö. Verkefni sem falla undir öryggishlutverkið fá forgang umfram þau verkefni er t.a.m. falla undir aðstoðarhlutverkið.

Svo að hægt sé að reikna út hvar hvert og eitt verkefni stendur í forgangsröðuninni þarf að vægismeta hlutverkið (0-13), sbr. stafaliði a-g 2. mgr.




1. gr. lögreglulaga, og gefa svo verkefnum lögreglunnar einkunn (0-5) út frá því hvernig þau standa gagnvart öryggishlutverki, afbrotavarnahlutverki, rannsóknarhlutverki, þjónustu- og hjálparhlutverki, aðstoðarhlutverki, samstarfshlutverki og öðrum verkefnum.

Aðferðir við mat á verkefnum eru mismunandi eftir því hvort um er að ræða grunnþjónustu eða stoðþjónustu. Hvert verkefni grunnþjónustunnar var metið og því gefin einkunn út frá því hvort og með hvaða hætti það styddi við hlutverk lögreglu. Við einkunnagjöfina var notast við skala frá 0-5. Þau verkefni sem styðja t.a.m. mjög mikið við a-liðinn, þ.e. öryggishlutverkverkið, fengu fimm í einkunn. Þau sem styðja lítið við a-lið fengu ef til vill einn eða tvo í einkunn o.s.frv. Ekki verður nánar farið yfir útreikninga í þessari grein en lesendur eru hvattir til að skoða skýrsluna þar sem finna má frekari upplýsingar.

Það ber hins vegar að nefna að við vægismat á verkefnum voru ýmis viðmið notuð. Við greiningu á t.a.m. útkallsverkefnum lögreglunnar var notast við skilgreiningu á hraðamati (forgangur). Þegar aðstoðarbeiðni berst fjarskiptamiðstöð flokkar hún hana og skilgreinir sem ýmist F1, F2, F3 eða F4. Verkefni sem skilgreind eru sem F1 fá forgang fram yfir t.a.m. beiðnir sem eru skilgreindar sem F3 eða F4 eins og kunnugt er. Við mat á verkefnum rannsóknardeildar var byggt á alvarleika brots og fyrirmælum ríkissaksóknara um málsmeðferðartíma. Með því að byggja á þessum tveimur þáttum er kominn grundvöllur til að forgangsraða rannsóknum eftir alvarleika og þar með er hægt að meta hverjar áherslur lögreglunnar eiga að vera. Dæmi um mál sem fá forgang fram yfir önnur eru þau sem falla undir 91. gr., 193.-194. gr. og 218. gr. almennra hegningarlaga þar sem refsiramminn er allt að 16 ára fangelsi.

Útfærsla á greiningu verkefna er falla undir stoðþjónustu lögreglunnar byggist að mestu á sama grunni og grunnþjónustan, þ.e. lagalegum skyldum, reglugerðum o.fl. Hins vegar liggja ekki sambærilegir útreikningar að baki forgangsröðun verkefna innan stoðþjónustunnar líkt og finna má í viðauka skýrslunnar um grunnþjónustu. Ástæðan fyrir því er að þau verkefni sem stoðþjónustan sinnir tengjast ekki eða styðja við hlutverk lögreglunnar með sama hætti og verkefni sem falla undir grunnþjónustuna. Fyrir vikið liggur hlutlægt mat að baki forgangsröðun verkefna innan deilda/sviða stoðþjónustunnar.

### *Niðurstöður*

Í skýrslunni má finna helstu niðurstöður, annars vegar fyrir hvert og eitt hlutverk (öryggishlutverk, afbrotavarnahlutverk o.s.frv.) og svo heildarniðurstöður þvert á öll þessi hlutverk. Í viðauka má finna nánari útfærslu en þar er 384 verkefnum sem falla undir grunnþjónustuna forgangsraðað frá einum og upp í 384. Verkefnið sem fær hæstu einkunn fær númerið einn og er þar með mikilvægasta verkefnið.

Almenn lögregluverkefni, svörun útkalla í neyð og símsvörun fjarskiptamiðstöðvar eru þau verkefni sem fá mestan forgang. Önnur verkefni sem fá mikinn forgang þvert á allar deildir og svið eru verkefni almannavarnadeildar, ábyrgð lögreglustjóra við leit



og björgun, rannsóknir fíkniefnabrota og brota gegn lífi og líkama, auk rannsókna greiningardeildar á landráði og brotum gegn stjórnskipan ríkisins. Hafa ber í huga að um er að ræða ólík verkefni í eðli sínu og að umfangi. Svörun útkalla í neyð eru verkefni sem berast lögreglu á hverjum degi en verkefni er snúa að almannavarnadeild eða leit og björgun koma sjaldnar upp, en þegar það gerist fá þau algjöran forgang.

Með því að forgangsraða verkefnum eftir ákveðnum aðferðum er hægt að leggja mat á það hvaða verkefnum lögreglan á að sinna og hvaða verkefnum má ef til vill draga úr eða fela öðrum við tilteknar aðstæður, s.s. þegar fjárheimildir eru takmarkaðar.

### *Tillögur um framhaldið*

Í skýrslunni um skilgreiningu á grunnþjónustu lögreglunnar er ekki fjallað um einstök embætti, heldur er greiningunni ætlað að taka saman öll verkefni lögreglunnar óháð því hvar þau koma upp eða hvar þau eru unnin. Í ljósi skipulagsbreytinga sem nú eru boðaðar innan lögreglunnar telur ríkislögreglustjóri að framkvæma þurfi nákvæma þríþáttaheildargreiningu á hlutverki, skyldum og verkefnum hennar:

1. að skilgreina lögregluna sem eina heild – skýrsla ríkislögreglustjóra um grunnþjónustu lögreglunnar gerir það upp að ákveðnu marki.
2. að notast við niðurstöðurnar úr lið eitt og skilgreina síðan hvert embætti/umdæmi með sama hætti.
3. að notast við niðurstöðurnar úr lið tvö og skilgreina hverja starfseiningu eða sambærilegar starfseiningar.

Ekki er ljóst hvort það verði ein verkefnisstjórn eða fjórar sem verði falið að innleiða þær breytingar sem gera þarf við sameiningu embætta og uppbyggingu nýrra. Það mun hins vegar koma í hlut verkefnisstjórnar að skilgreina þætti tvö og þrjú hér að ofan. Í kjölfarið verður hægt að meta þau samfélagsáhrif sem breytingarnar hafa í för með sér fyrir íbúa nýju umdæmanna, s.s. kostnað, þjónustustig o.fl.

Með þessari greiningarvinnu verður leitast við að sjá fyrir kröfur, þarfir og væntingar viðskiptavinanna, í samtímanum sem og í framtíðinni, með það að markmiði að uppfylla þær á fullnægjandi hátt eða fara fram úr þeim. Samhliða þessari vinnu leggur ríkislögreglustjóri til að gæðastjórnun verði innleidd í starfsemi lögreglunnar skv. ISO 9000 stöðlunum.

***Pétur Berg Matthíasson, stjórnmála- og stjórnsýslufræðingur, starfar á stjórnsýslusviði ríkislögreglustjóra og er einn af höfundum skýrslunnar um grunnþjónustu lögreglunnar***





# Undirbúningur *fyrir foreldrahlutverkið*

**ÓB-ráðgjöf býður upp námskeiðið sem ætlað er verðandi og nýbökuðum foreldrum. „Barnið komið heim“ er fyrirbyggjandi námskeið: vitað er að áhrifaríkara er að fyrirbyggja en að grípa inn í. Lögreglumenn fá styrk úr sjúkrasjóði félagsins til að sækja námskeiðið. Hallur Hallson er einn af þeim sem sótti námskeiðið.**

Í á annan áratug hafa Ólafur Grétar Gunnarsson og Bjarni Þórarinsson í ÓB-ráðgjöf unnið að umbótum í félags-, heilbrigðis- og menntamálum. Þungamiðjuna í starfinu byggja þeir á því hve illa fólk er búið undir foreldrahlutverkið og hversu mikil áhrif sá slæmi undirbúningur hefur á allt landið og samfélagið. Tilgangur námskeiðanna er að koma í veg fyrir skaða. Það er ekki til betri fjárfesting.

Ólafur Grétar Gunnarsson fjölskylduráðgjafi er jafnframt varaformaður barnaverndarnefndar Reykjanesbæjar. Hann segir að margt breytist hjá parinu þegar barn kemur inn í sambandið. Þessi breyting er einmitt útgangspunkturinn hvað námskeiðið áhrærir.

Námskeiðið er byggt á sálfræði- og kennslufræðilegum rannsóknum og prófunum og er þróað af Gottman-stofnuninni. Hjónin og sálfræðingarnir John M. Gottman og Julie Schwartz Gottman eiga að baki 37 ára rannsóknarferil í vísindalegum athugunum á hjónabandinu, parasamböndum og fjölskyldunni.

Námskeiðin hafa notið mikilla og verðskuldaðra vinsælda en 150 pör hafa sótt þau á síðastliðnu ári. Þessar vinsældir ber að þakka starfsfólki mæðra- og ungbarnaverndar og ánægðum þátttakendum. Auk þess hefur jafnréttisráð kynnt sér námskeiðið og mælir með því. Þá má nefna að námskeiðið var kynnt á fyrirlestraröð jafnréttisnefndar Háskóla Íslands með yfirskriftinni Mikilvægi feðra í frumbernsku.

„Stuðningur starfsmenntunarsjóðs lögreglumanna (STALL) með greiðslu kostnaðar á námskeiðið er mjög mikilvægt skref til framfara á erfiðum tímum. Með þessu er félagið að hlúa að farsæld í einkalífi félagsmanna. Árlega upplifa yfir þúsund börn á Íslandi skilnað foreldra, meira en helmingur þeirra er fimm ára og yngri. Fræðsla til foreldra getur breytt þessu.

Miklar kröfur eru gerðar til lögreglumanna sem felast meðal annars í því að sinna fólki sem er í vafasömu geðrænu ástandi. Á sama tíma búa lögreglumenn við jafnvægisleysi í eigin fjölskyldulífi sökum vinnutíma sem veldur miklu álagi og hættu varðandi heilbrigt fjölskyldulíf.

Markmið námskeiðsins er að læra við hverju megi



***Hópmynd af námskeiðinu. Myndin er tekin í þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar í vesturbæ.***

búast með tilkomu foreldrahlutverksins, hvernig hægt er að styrkja vináttuna, kynlífið og hæfnina til að leysa ágreining og þátttakendur læra um þroska barna og að vera samstillt í foreldrahlutverkinu.

Á námskeiðinu læra hjón og pör að efla vináttuna við makann, leysa ágreining á árangursríkan hátt, leyfa feðrum að taka virkan þátt í umönnun ungbarna, styrkja uppbyggilega tengslamyndun og samskipti ungbarns og foreldra, og foreldrar læra að þekkja sálrænar og tilfinningalegar þarfir barna sinna.

### *22,5% í stað 67%*

Nú vitum við eftir áralangar rannsóknir að tilfinningalíf para er hinn raunverulegi grunnur að þroska barnsins og að óvild milli foreldra eða heft eða truflandi tilfinningasamband foreldris við barnið hefur varanleg neikvæð áhrif á tilfinningalegan og vitsmunalegan þroska þess.

„Lögreglumenn sjá í sínum störfum mikilvægi þátttöku feðra í uppeldi barna sinna og það sama kemur fram í störfum barnaverndarnefnda.“

Ólafur bendir á að rannsókn, sem Gottman-hjónin unnu í samstarfi við The Swedish Medical Center í Seattle sem var birt fyrir tveimur árum, sýni að af

# Frá Halli Hallssyni *lögreglumanni*

Konan mín, Valdís, spurði mig eitt kvöldið hvort ég hefði áhuga á sambandi milli okkar. Þetta kom að mér eins og þruma úr heiðskíru lofti og vantaði mig svar. Játti ég spurningu Valdísar og reyndi varfærnislega að komast að rótum spurningar hennar. Í ljós kom að hún hafði rekist á Bringing Baby Home-kynningu og skoðað hvað í því felst en það er erlent heiti Barnið komið heim. Þar var þetta kynnt sem góð gjöf handa barni okkar því námskeiðið myndi hjálpa okkur að gera sambandið betra og sterkara. Þetta hljómaði vel og hvaða maður getur neitað slíkri bón? Einn liðurinn í kynningunni var að námskeiðið var í boði Reykjavíkurborgar og þyrftum við ekkert að borga.

Við mættum á námskeiðið sem var eitt kvöld í viku í sex vikur. Fyrstu kynni okkar af Ólafi var að hann var svakalegur orkubolti og hreif okkur áfram. Með honum var dama að nafni Valgerður og voru þau með okkur út námskeiðið.

Eins og ég nefndi var námskeiðinu skipt upp í sex hluta. Á hverju kvöldi var farið yfir ýmsa hluti sem varða fjölskylduna, parið og svo einstaklinginn. Eitthvað var af fræðum og tölum en aðalinntakið var mikilvægi hópsins saman og virði einstaklingsins í hópnum. Hann fer yfir þætti og atriði til að halda trausti í samböndum, útskýrir mikilvægi samtala og eðlilegra samskipta milli fólks. Eitthvað snýst þetta um samskipti við börnin en námskeiðið gengur út á það að með bættu sambandi milli foreldra verði fjölskyldan sterkari og betri heild.

Það skemmtilegasta við þetta námskeið var sú upplifun að þrátt fyrir að hann sé að ræða um það sem ætti að kallast almenna skynsemi er þetta eitthvað sem við þurfum þriðja aðila til að segja okkur til að við færum að hugsa um það. Þar sem ég vinn meðal annars við það að ræða við fólk, fólk sem oft er eldra en ég og ætti að vita betur hef ég ítrekað lent í þeim aðstæðum að segja þeim eitthvað sem það veit mæta vel... en þurfti einhverja órakaða rétt tæplega þrítuga löggu til að segja þeim. Löggu sem hafði farið á þetta námskeið og jafnvel lært einn eða tvo hluti sem nýttust í vinnunni.

Ég mæli hiklaust með þessu námskeiði fyrir fólk sem er að fara að eignast börn eða á börn. Allir geta tileinkað sér eitthvað úr námskeiðinu og lært góða hluti. Fólk skiptist á skoðunum og sumir átta sig á því að þeir eru ekki einstakir í þeim aðstæðum sem þeir upplifa. Að fara á svona námskeið er ekkert annað en viðurkenning á tilfinningum til makans og vilja til að gera betur, það getum við flest gert. Þau sem ekki geta mega hafa samband við undirritaðan og kjafta frá leyndarmálinu,

Við komum betri frá þessum sex kvöldum.

***Hallur Hallsson***
***Lögreglumaður í Vesturbæ hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.***



***Hallur Hallson ásamt Valdísi Hrund Hauksdóttur og Brynjari Erni syni þeirra. „Að fara á svona námskeið er ekkert annað en viðurkenning á tilfinningum sínum til makans og vilja til að gera betur, það getum við flest gert.“***

BETRAGRIP
Reykjavíkurborg
Bílastæðasjóður
ROYAL CANIN
EJS
1939 70 2009

# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

Lögsýn ehf.
Skipholti 50B
Mandat, lögmannsstofa
Ránargötu 18
Marport ehf.
Fossaleyni 16
Matthías ehf.
Vesturfold 40
Málarameistarar ehf.
Logafold 188
Merkismenn ehf.
Ármúla 36
Minjavernd
Amtmannsstíg 1
Móa - íslensk smyrsl og heilsuvörur -www.moa.is
Kóngsbakka 8
MS Ármann Skipamiðlun ehf.
Hafnarhúsinu Box 290
Múlakaffi
Hallarmúli
Múlaradíó
Fellsmúla 28
Múli ehf.
Hagamelur 21
Múrþjónusta Braga
Miklubraut 24
Myndhönnun ehf
Suðurlandsbraut 6
Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur
Hátúni 12b
Nesradíó ehf.
Síðumúla 19
Nexus
Hverfisgötu 103
Neyðarþjónustan ehf
Laugavegi 168
Nýi ökuskólinn ehf.
Klettagörðum 11
Nýja sendibílastöðin hf.
Knarrarvogi 2
Og Fjarskipti ehf.
Skútuvogi 2
Ottó auglýsingastofa ehf.
Síðumúla 22
P og Ó hf. auglýsingastofa
Akraseli 26
Pétur Stefánsson ehf
Vatnsstígur 15 íb.901
Pitstop ehf.
Dugguvogi 10
Pípulagnaverktakar ehf.
Langholtsvegi 109
Pjakkus Preladus ehf.
Ármúla 42
Plastco hf.
Skútuvogi 10c
Prikið
Bankastræti 12
Profilstál ehf.
Smiðshöfða 15
Pústþjónustan
Ás ehf S - 562-8966
Nóatúni 2
Rafloft ehf
Súðarvogi 20
Rafsvið sf.
Haukshólum 9
Raftíðni ehf.
Grandagarði 16
Rakarastofa Gríms ehf.
Efstalandi 26
Rannsóknarþjónustan Sýni hf.
Lynghálsi 3
Rannsóknastofa í lyfja-og eiturefnafræði H.Í.
Hofsvallagötu 53
Rauðará - Veitingahús
Rauðarárstíg 39
Reki hf.
Fiskislóð 57-59
Reykjavíkurdeild Rauða kross Íslands
Laugavegi 120
Réttur ehf. - Adalsteinsson & Partners
Klapparstíg 25-27
Rizzo Pizzeria ehf.
Grensásvegi 10
Ríkislögreglustjórinn
Skúlagötu 21
Ríkissaksóknari
Hverfisgötu 6
Rossopomodoro veitingastaður
Laugavegi 40a
S.Í.B.S.
Síðumúla 6
Samgönguráðuneytið
Hafnarhúsinu Tryggvagötu
Samhjálp félagasamtök
Stangarhyl 3a
Samhugur ehf.
Langagerði 116
Samsýn ehf.
Háaleitisbraut 58-60
Sendibílar og hraðþjónusta ehf.
Urriðakvísl 3
Setberg bókaútgáfa
Freyjugötu 14, box 619
SFR - Stéttarfélag í almannaþjónustu
Grettisgötu 89
Sigurborg ehf
Gylfaflöt 5
Sigurjónsson & Thor ehf.
Lágmúli 7
Símabær ehf.
Þönglabakka 1
Sínus ehf.
Grandagarði 1a
Sjómannadagsráð
Laugarási Hrafnistu
Sjóvík ehf
Borgartúni 27
Skaftfell
Sundaborg 1
SKALLI
Grjóthálsi 8
Skarthúsið
Laugavegi 44
Skefjar hf
Laugavegi 182
Skerjaver
Einarsnesi 36
Skorri ehf.
Bíldshöfða 12
Skóverslunin-Iljaskinn
Háaleitisbraut 58-60
Skóvinnustofa Halldórs Guðbjörnssonar
Hrísateigi 19
Slysavarnafélagið Landsbjörg
Skógarhlíð 14
Slökkvilið
Höfuðborgarsvæðisins
Skógarhlíð 14
Smith & Norland hf.
Nóatúni 4
Smurstöðin Klöpp ehf. - Dalvegi 16a - Kóp.
Vegmúla 4
Snyrti- og tískuvöruverslunin Sigurboginn
Laugavegi 80
Snyrtivöruverslunin Hygea ehf.
Kringlunni 8-12
Snæland Grímsson ehf.
Hópferðabílar
Langholtsvegi 115
Sportbarinn ehf.
Álfheimum 74
Sprinkler-pípulagnir ehf.
Bíldshöfða 18
Staðalhús sf.
Síðumúla 31
Stálbyggingar ehf.
Hvammsgerði 5
Stálprýði ehf.
Súðarvogi 34
STEF - samb. tónskálda og eigenda flutningsréttar
Laufásvegi 40
Stólpi ehf.
Klettagörðum 5
Stórborg - Fasteignasala
Kirkjustétt 4-6 - 2.hæð
Strætó bs
Þönglabakka 4
Suzuki bílar hf.
Skeifunni 17
Suzuki umboðið ehf
Skeifunni 17
Svarta kaffið - Kaffibaunin ehf. - Laugavegi 54
Laugavegi 54
SVÞ - Samtök verslunar og þjónustu
Borgartúni 35
Sögn ehf.
Seljavegi 2
Söluturninn Texas - Halló ehf.
Veltusundi 3
Talnakönnun
Borgartúni 23
Tankahreinsun Magnúsar
Garðastöðum 14
Tannlæknastofa Björns Þorvaldssonar
Síðumúla 25
Tannlæknastofa Ingólfs Eldjárn
Vegmúla 2
Tannlæknastofa Jóns Viðars ehf
Skólavörðustíg 14
Tannlæknastofa Ögmundar Mána Ögmundssonar
Þingholtsstræti 11
Tannlækningastofa Friðleifs Stefánssonar
Rauðarárstíg 40
Tannsmíðastofa Kristins Sigmarssonar
Nethyl 2c
TGM Ráðgjöf
Ármúla 38
Tjaldvagnageymslan - Þrístikla
Laugavegi 66
Tollstjórinn í Reykjavík
Tryggvagötu 19 box 5029
Trésmiðjan Jari ehf.
Funahöfða 3
Tryggingamiðlun Íslands ehf.
Síðumúla 21
Túnþökuþjónustan ehf.
Lindarrvaði 2
Tösku- og hanskabúðin hf.
Skólavörðustíg 7
Útfararstofa Íslands ehf.
Suðurhlíð 35
Útlendingastofnun
Skógarhlíð 6
VDO - verkstæði ehf.
Borgartúni 36
Veiðiþjónustan Strengir
Smárarima 30
Veitingahúsið Carúsó
Þingholtsstræti 1
Veitingahúsið Jómfrúin ehf.
Lækjargötu 4
Veitingahúsið Lauga-ás
Laugarásvegi 1
Verkfærasalan ehf.
Síðumúla 11
Verkstólpi ehf.
Mávahlíð 31
Vernd - Fangahjálp .
Laugateigi 19
Verslun Guðsteins Eyjólfssonar sf.
Laugavegi 34
Verslunin Fríða frænka ehf.
Vesturgötu 3
Verslunin Mótor
Kringlunni 4-12
Verslunin Rangá sf.
Skipasundi 56
Vesturborg ehf.
Ásvallagötu 19
Vesturgarður ehf.
Laugavegi 59
Vélar og verkfæri ehf.
Skútuvogi 1c
Vélsmiðjan Járnverk hf.
Bíldshöfða 18
Vélvík ehf.
Höfðabakka 1
Við og Við sf.
Gylfaflöt 3
Vinnufatabúðin
Laugavegi 76 box 862
Virtus Lögmenn
Laugavegi 170
Vífilfell hf.
Stuðlahálsi 1
Víkur-ós ehf.
Bæjarflöt 6
Vínberið
Laugavegi 43
Wilsons Pizza ehf.
Gnoðarvogi 44
www.leit.is
Ármúla 40
YL-Hús ehf.
Bíldshöfða 12
Þingvallaleið ehf.
Skógarhlíð 10
Þórtak ehf.
Brúnastöðum 73
Þrír frakkar - Hjá Úlfari
Baldursgötu 14
Ögurvík hf.
Týsgötu 1

## Seltjarnarnes

About Fish Íslandi ehf.
Austurströnd 3
Austurströnd ehf.
Austurströnd 14
Bæjarins bezta ehf.
Bollagörðum 11
Indus ehf.
Nesbala 106
Innrömmun Guðmundar
Eiðistorgi 15
Nesskip hf.
Austurströnd 1
Parketþjónusta
- Falleg gólf ehf.
- S: 898 1107
Nesbala 25
Tannlæknastofa
Ragnars Ó. Steinarssonar ehf
Eiðistorgi 15
Veislan - Veitingaeldhús www.veislan.is
Austurströnd 12
Vökvatæki ehf.
Bygggörðum 5

## Vogar

Sveitarfélagið Vogar
Iðndal 2

## Kópavogur

Aalborg Portland á Íslandi hf.
Bæjarlind 4
Allt mögulegt ehf.
Engihjalla 11
Allt-af ehf.
Baugakór 30
Arinsmíði A-Ö - Jón Eldon
Logason
Fellasmára 7
Arnardalur sf.
Þinghólsbraut 58
Arnarverk ehf
Kórsölum 5
Ásborg sf.
Smiðjuvegur 11
Bifreiðastillingin ehf.
Smiðjuvegi 40d rauð gata
Bifreiðaverkstæði Björns Pálmasonar
Smiðjuvegi 40 rauð gata
Bílalakk ehf.
Skemmuvegi 14,blá gata
Bílar og tjón ehf.
Skemmuvegi 44m bleik gata
Bílaverkstæði Kjartans og Þorgeirs sf.
Smiðjuvegi 48 rauð
Bílaþvottastöðin Löður ehf.
Bæjarlind 2
Bílhúsið
Smiðjuvegi 60 Rauð gata
Bíljöfur ehf.
Smiðjuvegi 34
Bílstál ehf.
Askalind 3
Bílvogur ehf.
Auðbrekku 17
Bjarni Runólfsson
Álfatúni 13
BJ-verktakar ehf.
Bergsmára 8
Blikkás - Funi ehf.
Smiðjuvegi 74
Borgarvirki ehf.
Hjallabrekku 22
Bókasafn Kópavogs
Hamraborg 6a
DK Hugbúnaður
Hlíðasmára 17
Dælur ehf
Smiðjuvegi 11
Egill Vilhjálmsson ehf.
Bröttutungu 9
Eyfeld ehf.
Hlíðarsmára 13
Fjárstoð ehf
Smáratorgi 3
G.Ó. Gull ehf
Smáralind
Gólflist ehf.
Skálaheiði 1
Hárgreiðslu og rakarastofan Hera
Borgarholtsbraut 69



þeim pörum sem sóttu námskeiðið upplifðu 22,5% (í stað 67%) að gæði parasambandsins minnkuðu eftir fæðingu barns. „Önnur jákvæð niðurstaða er að bæði feður og mæður sem sóttu námskeiðið voru næmari fyrir þörfum barnanna og brugðust betur við þeim. Þetta átti sérstaklega við um feðurna. Börnin sýndu einnig merki um minni streitu og þau brostu meira.

### *Að rækta parasambandið*

Undanfarin ár hefur vitneskja um áhrif uppeldisaðferða á geðheilsu og þroska barna með mismunandi þarfir og á ólíkum aldri fleygt fram. Með rannsóknum á þessu sviði hefur verið lagður grunnur að þróun markvissra aðferða til að þróa og virkja hæfni foreldra. Í nóvember voru tvö málþing haldin til að vekja athygli á þessari nýju þekkingu. Í báðum tilfellum var salurinn fullur af fagfólki en ekki foreldrum sem þurfa á þessari þekkingu að halda og kom m.a. fram í umræðum að illa gengi að koma þekkingunni til foreldra. Við sem stöndum að Barnið komið heim námskeiðinu erum að vinna í þessu jöfnum höndum og erum bjartsýn fyrir árið 2010.

Á námskeiðinu, sem er 12 klukkutímar, er hægt að gjörbreyta ástandinu. Ríkasta uppsprettan fyrir stuðning og að líða vel er í parasambandi. Þá minnkar streitan. Hluti af því sem fólk þarf að gera til að verða góðir foreldrar er að eiga tíma til að rækta sjálft sig og parasambandið. Góðir foreldrar eru ekki alltaf með barnið sitt. Það getur haft áhrif á barnið ef foreldrunum líður ekki vel en þroskagrunnur barnsins tengist jafnvægi parsins.

Vinna þarf mikið brautryðjendastarf þrátt fyrir ákveðna viðhorfsbreytingu í samfélaginu. Fræðsla af þessu tagi tekur tíma til að verða almenn og viðurkennd. Með því að veita Lögreglumönnum styrk úr sjúkrasjóði er Landsambandið mikilvægur þátttakandi í brautryðjendastarfinu.Skráning og nánari upplýsingar á barnidkomidheim.net og í síma 553-9400.

NORÐURÁL
Century

ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD

Hertz

PRENTSMIÐJAN
stapaprent
Grófin 13c • 230 Reykjanesbær
Sími 421 4388 • stapaprent@simnet.is

# European Confederation of Police - *EUROCOP*

**Landssamband lögreglumanna, LL, á aðild að norrænum – NPF – og evrópskum – EUROCOP – samtökum lögreglumanna. Í gegnum tíðina hafa annað slagið birst fréttir af starfsemi þessara samtaka í Lögreglumanninum en það er ekki sjálfgefið að allir lögreglumenn átti sig almennt á því hver þessi samtök eru eða hvert sé hlutverk þeirra.**

**Í ljósi þeirrar staðreyndar að Ísland hefur nú formlega sótt um aðild að Evrópusambandinu, ESB, er ekki úr vegi að skoða aðeins nánar tilurð og hlutverk EUROCOP.**

**Þessi umfjöllun hér er einnig sett fram í því ljósi að um þessar mundir eru liðin 50 ár frá því að Norræna lögreglusambandið, NPF, gerðist aðili að EUROCOP/UISP.**

*Hlutverk EUROCOP er m.a. að verja starfsréttindi og -umhverfi lögreglumanna, stuðla að og koma á samskiptum meðal lögreglumanna um gjörvalla Evrópu, tryggja grundvallarmannréttindi lögreglumanna og stuðla að öruggara starfsumhverfi þeirra svo eitthvað sé nefnt.*

### *Saga og tengsl LL við EUROCOP*

Evrópusamtök lögreglumanna EUROCOP (European Confederation of Police) voru formlega stofnuð í nóvember 2002 upp úr Alþjóðasambandi lögreglumanna eða Union Internationale des Syndicates de Police, UISP sem stofnað var árið 1953. EUROCOP eru sjálfstæð heildarsamtök aðildarfélaganna og tilheyra engum stjórnvöldum eða stjórnmálaöflum innan Evrópu. Þau taka þ.a.l. enga pólitíska afstöðu í þeim málum sem þau fjalla um. Í dag eru 35 félög eða landssambönd lögreglumanna í 26 löndum aðilar að EUROCOP, með samtals yfir hálfa milljón félagsmanna.

Árið 1978 gerðist LL aðili að Norræna lögreglusambandinu (Nordiska Polisförbundet, NPF) en það var stofnað árið 1921. Við inngönguna í NPF gerðist LL samtímis aðili að Alþjóðasambandi lögreglumanna (Union Internationale des Syndicats de Police, UISP). Alþjóðasambandið starfaði í reynd aðeins innan Evrópu og í kjölfar klofnings var ákveðið að endurreisa það á stofni hins eldra undir nýju nafni, European Confederation of Police eða EUROCOP. Aðild okkar að báðum þessum samtökum hefur í tímans rás víkkað sjóndeildarhring forystumanna LL í tíma og rúmi og verið mótandi í stefnumörkun LL frá einum tíma til annars.



Tveir fyrrverandi formenn LL hafa gegnt formennsku í NPF, þeir Þorgrímur Guðmundsson 1988-1990 og Jónas Magnússon 1998-2000. Núverandi formaður LL, Snorri Magnússon, er formaður NPF til ársins 2011. Þá var Jónas Magnússon einnig skoðunarmaður ársreikninga UISP um árabil, f.h. NPF.

### *Hlutverk EUROCOP*

EUROCOP er, eins og kemur fram hér að ofan, Evrópusamtök lögreglumanna, hvers hlutverk er að vera í forsvari fyrir lögreglumenn í allri Evrópu. Þannig er EUROCOP aðili að ETUC (European Trade Union Confederation) sem eru regnhlífarsamtök launafólks í Evrópu og er talsmaður lögreglumanna þar innan ETUC.

Hlutverk EUROCOP er m.a. að verja starfsréttindi og -umhverfi lögreglumanna, stuðla að og koma á samskiptum meðal lögreglumanna um gjörvalla Evrópu, tryggja grundvallarmannréttindi lögreglumanna og stuðla að öruggara starfsumhverfi þeirra svo eitthvað sé nefnt. Þetta er m.a. gert með reglulegum samskiptum EUROCOP við hinar ýmsu stofnanir ESB og Evrópuráðsins (Council of Europe), fréttatilkynningum, samskiptum við stjórnvöld hinna ýmsu Evrópuríkja o.fl.

### *Í kjölfar efnahagshrunsins*

Þannig hefur EUROCOP t.d. látið til sín taka ástand löggæslumála á Balkanskaganum, í Eystrasaltsríkjunum Eistlandi, Lettlandi og Litháen þar sem lögreglumenn hafa staðið frammi fyrir gríðarlegum launaskerðingum í kjölfar efnahagshrunsins. Launaskerðingum sem nema allt að 30%! Svipaða sögu er að segja af launamálum lögreglumanna á Írlandi sem hafa orðið að taka á sig miklar launaskerðingar í kjölfar efnahagshrunsins þar.

Þær fregnir sem berast í gegnum EUROCOP af launakjörum og starfsaðstæðum kollega okkar í þessum löndum eru grafalvarlegar þar sem auðsýnt er að slíkar aðgerðir auka mjög hættuna á spillingu innan lögreglu. Þær eru einnig grafalvarlegar í ljósi þeirrar staðreyndar að mörg þeirra landa, sem þessar fregnir berast frá, eru útverðir Evrópusambandsins og þar með Schengensvæðisins!

Ýmis önnur lönd, sem eiga fulltrúa innan EUROCOP, búa við þá staðreynd að lögregla þeirra er sambland af borgaralegri lögreglu og herlögreglu, svokölluð „paramilitary" lögregla, sem býr við allt önnur og oftar en ekki miklu verri starfsskilyrði en lögreglumenn, t.d. á Norðurlöndunum, eiga að venjast.

Í þessum málum er Grettistaki að lyfta víða um Evrópu og augljóst að starfsaðstæður og skilyrði lögreglumanna á Íslandi verða til skoðunar í því samningaferli sem nú er hafið vegna aðildarumsóknar Íslands að Evrópusambandinu. LL væntir mikils af aðild sinni að EUROCOP í þeim efnum.

**Áhugasamir geta sótt sér frekari upplýsingar um EUROCOP og hlutverk samtakanna á heimasíðu þeirra www.eurocop.org.**

PHILIPS

# X-treme Power

## bílaperur allt að 80% meira ljós




Stilling

Stilling hf. • Sími 520 8000 • www.stilling.is • stilling@stilling.is

# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

Hefilverk ehf.
Jörfalind 20
Hjólið ehf.
Smiðjuvegi 9°
Hringás ehf.
Skemmuvegi 10 blá gata
Hugbúnaður hf.
Engihjalla 8
Innviðir
-Valdberg ehf.
Smiðjuvegi 36
Íslenskir
undirverktakar ehf
Álfhólsvegi 29
Ísnes ehf
Hamraborg 5
Kópavogsbær
Fannborg 2
Kríunes ehf.
Kríunesi v. Elliðavatn
Lakkskemman ehf.
Skemmuvegi 30, blá gata
Lakksmiðjan ehf
Smiðjuvegi 4e
Lax-á ehf.
Akurhvarfi 16
Maritech ehf
Hlíðasmára 14
Nesstál ehf.
Kársnesbraut 106
Norm-X ehf.
Auðbrekku 6
Radio-Raf
Smiðjuvegi 52
Rafmiðlun ehf.
Ögurhvarfi 8
Rafsetning ehf.
Björtusölum 13
Reynir bakari ehf.
Dalvegi 4
Réttingaverkstæði
Hjartar
Smiðjuvegi 56 (rauð gata)
Réttir bílar ehf
Vesturvör 24
Sérverk ehf.
Askalind 5
Smári söluturn
Dalvegi 16c
Smurstöðin ehf.
Dalvegi 16a
Snyrtistofan Jóna ehf.
Hamraborg 10
Sólsteinar ehf
Kársnesbraut 98
Stjörnublikk hf.
Smiðjuvegi 2
Svansprent ehf.
Auðbrekku 12
Tannlæknastofa
Láru I. Ólafsdóttur
Hamraborg 9
Tölvuvirkni ehf.
Hlíðasmára 13
Verkfræðistofa
Erlends Birgissonar
Bæjarlind 4
Vélaleiga Auberts
Hlíðarhjalli 7
Vídd ehf.
Bæjarlind 4
VSI Öryggishönnun
og ráðgjöf ehf.
Hamraborg 11
Ökukennsla
Sigurðar Þorsteinssonar
